


Val á sýnatökuáhöldum

Stroksýnapinnar og glös/pokar: Við sýnatöku á þröngum stöðum þar sem erfitt er að ná til með svömpum, s.s. í skorum, rifum, götum, rörum og kverkum.



Svampar og pokar: Við sýnatöku á stærri svæðum og þar sem óhreinindi geta dreifst yfir stóra fleti.



Val á sýnatökustöðum:

Umhverfi og ekki snertifletir matvæla: Mikilvægt er að velja sýnatökustaði þar sem mest hættu er á að bakteríur geta náð sér á strik s.s:

- Gólf, niðurföll og þar sem vatn og óhreinindi safnast auðveldlega fyrir.
- Kæliviftur og rör þar sem raki getur safnast fyrir og sérstaklega ef verið er að meðhöndla matvæli beint undir viðkomandi svæðum.
- Skorur, sprungur og þröng svæði sem erfitt er að þrifa.
- Kantar, borð og borðfætur að neðan sem stundum verða útundan í þrifum.
- Uppþvottavélar.

Búnaður og snertifletir matvæla

- Tækjabúnaður sem krefst þess að hann sé tekinn í sundur áður en þrif fara fram, s.s. hausarar, flökunarvélar, roðflettivélar, skurðarvélar, áleggshnífar, færibönd og áfyllivélar.
- Ílát og pökkunarvélar fyrir tilbúnað vörur.
- Skurðarbretti, hnífar og önnur smá áhöld.

Sýnataka

- Áður en sýnataka hefst er nauðsynlegt að þvo og sótthreinsa hendur. Mikilvægt er að koma í veg fyrir krossmengun frá höndum eða umhverfi yfir í sýnið.
- Sýni eru alltaf tekin á meðan vinnsla er í gangi, a.m.k. tveim klukkustundum eftir að framleiðsla hefst eða í lok vinnsludags áður en lokaþrif fara fram.
- Ef tekin eru sýni af tækjabúnaði er mælt með að taka tækin í sundur fyrir sýnatöku.
- Markmiðið er að ná sem mestu af „óhreinindum“ eða leifum af matvælum.

Ef markmið sýnatöku er að leita að *Listeria* má ennfremur sjá leiðbeiningar MAST um sýnatökur vegna *Listeria*: **Listeríugreiningar fyrir matvæli tilbúin til neyslu, *Listeria monocytogenes*; Sýnatökur.**

Sýnataka með strokpinnum:

1. Munið að sótthreinsa hendur eða fara í einnota hanska og sótthreinsa fyrir sýnatöku.
2. Sýnatökuglas skal vera lokað þar til sýnataka hefst og umbúðir utan um pinna órofnar.
 - a. Þegar sýnatökuglasið er opnað þarf að passa að snerta ekki lokið að innan eða brún ílátsins.
 - b. Opna skal pokann með bómullarpinnunum við þann enda sem enginn bómull er og halda aftarlega í pinnann.
3. Varast skal að snerta pinnann neðarlega og ekki láta hann snerta neitt annað en sýnatökusvæðið.
4. Pinnanum er dýft í sterílt vatn til að bleyta í honum.

Ef taka á fleiri en eitt sýni, verður að passa vel að menga ekki glasið með vökvannum, nota steríl vinnubrögð og dýfa aðeins ónotuðum (sterílum) pinna í vökvann.

5. Pinnanum er rúllað vel um allt sýnatökusvæðið, þversum og langsum.
6. Pinnanum stungið ofan í dauðhreinsað glas. (Ef pinni er langur, hann þá brotinn þannig að bómullarhnoðrinn fer ofan í glasið og ekkert af spýtunni standi upp úr glasinu svo hægt sé að loka því).
7. Takið a.m.k. 3-5 pinna af hverju svæði til að ná sem mestu af “óhreinindunum”.
8. Lokið skrúfað þétt á sýnaglas og það merkt.

Sýnataka með svömpum:

1. Munið að fara í einnota hanska og sótthreinsa fyrir sýnatöku.
 - Leyfið sprittinu að þorna áður en sýnataka hefst.
2. Sýnatökupoki með svampi skal vera lokaður þar til sýnataka hefst.
 - a. Rífa þarf af efsta hluta sýnapoka (gatað) og passa að snerta ekki brún pokans sem verið er að rífa af.
 - b. Opna skal pokann með því að taka utan á pokanum og opna út á við.

- c. Passa að fara ekki með fingur á brún pokans, eða innan í pokann.
- d. Spritta hanska áður en svampur er tekinn úr pokanum og ekki láta hann snerta neitt annað en sýnatökusvæðið.
 - Einnig má fara inn í pokann að utanverður og halda þannig í svampinn með plastið á milli, eins og myndin hér að ofan sýnir.0
3. Svampnum er nuddað ákveðið og vel um allt sýnatökusvæðið, þversum og langsum og nota skal báðar hliðar svampsins. Miðað er við að nota hvern svamp á u.þ.b. 40 cm x 40 cm svæði (armslengd x armslengd).
4. Svampnum er stungið aftur ofan í sýnapokann og hann klemmdur saman til að loka.
5. Lokið pokanum vel og merkið.

ATH:

Heildargerlafjöldi af yfirborðsfleti matvæla eða snertiflötum matvæla:

- Það þarf að taka sér sýni fyrir þessar mælingar.
- Vita hver stærð sýnatökuflatarins er í cm^2 .
- Taka sýnin alltaf þegar flöturinn hefur verið þrífinn, ef sýnatakan er notuð til að meta þrif.
- Merkja pokann og skrá stærð sýnatökuflatar á pokann.

Frágangur á sýnum og flutningur á prófunarstofu

Merkið öll sýni með:

- Dagssetningu.
- Tímasetningu.
- Stærð sýnatökuflatar í cm^2 (ef við á).
- Sýnatökustað.
 - Ágætt að taka einnig myndir af sýnatökustaðnum og senda með rannsóknabeiðni.

Fyllið út viðeigandi rannsóknabeiðni og komið sýnunum á prófunarstofu sem fyrst, eða a.m.k. innan 24 tíma frá sýnatöku. Ef geymsla og flutningur sýna tekur meira en 1 klst. þarf að kæla sýnin og flytja þau í kæliboxi við $1-7^\circ\text{C}$. Sýnin mega alls ekki frjósa.

Gott er að senda rannsóknabeiðnina í tölvupósti til viðkomandi prófunarstofu til að láta vita að sýni sé á leiðinni.

Tilvísanir

Listeríugreiningar fyrir matvæli tilbúin til neyslu
Listeria monocytogenes; Sýnatökur